

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

| | | | |
|---|--|----------------------|--|
| 1.1 Vörukenni: | SNR Lub Heavy Duty | | |
| Vörunúmer: | | | |
| 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá: | | | |
| Viðeigandi notkun | Smurefni, legufeiti. | | |
| Notkun sem ráðið er frá | Engar upplýsingar fyrirbyggjandi. | | |
| 1.3 Söluaðili: | Fálkinn | Framleiðandi: | NTN-SNR Roulements |
| | Dalvegur 10-14 | | 1, Rue des Usines |
| | 201 Kópavogur | | BP 2017, F-74000 Annecy |
| | | | Frakkland |
| Sími: | 540 7000 | | 00-33-4-5065-3000 |
| Netfang: | falkinn@falkinn.is | | audrey.bornes@ntn-snr.fr |
| Veffang: | www.falkinn.is | | www.ntn-snr.fr |
| 1.4 Neyðarsímanúmer: | Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112. | | |

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki: Engin.

Viðvörðunarorð: Ekkert.

Hættusetningar: Engar.

Varnaðarsetningar: P102 Geymist þar sem börn ná ekki til
 P264 Þvoið hendur vandlega eftir meðhöndlun.
 EUH208 Inniheldur: Bensensúlfonsýru, dí-C10-14-alkýlafleiður, kalsíumsölt.
 Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur: Inniheldur jarðolíu, úrdregið DMSO <3% skv. IP 346 aðferð.

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

| | |
|--------------------------|---|
| Almennt | Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opin. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni. |
| Innöndun | Tryggið ferskt loft. Varan er ekki talin skapa hættu við innöndun. |
| Snerting við húð | Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu. |
| Snerting við augu | Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. Leitið lækni ef nauðsyn krefur, sýnið öryggisblaðið. |
| Inntaka | Hreinsið munn vandlega með vatni. Framkallið ekki uppköst eftir inntöku. Leitið lækni verði vart við einkenni. |

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir. Langvinn snerting getur affitað húð, og valdið þurrki, sprungumyndun og óþægindum.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

| | |
|----------------------------------|--|
| Hentugur slökkvibúnaður: | Koldíoxíð, slökkviduft, froða. Kælið umbúðir með vatnsúða. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum hverju sinni. |
| Óhentugur slökkvibúnaður: | Beinn vatnsgeisli, getur dreift eldi. |

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er brennanleg. Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, og eitruðar gufur.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Notið viðeigandi persónuhlífar. Varan getur myndað hálkubletti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Efnið blandast ekki vatni og flýtur á vatnsyfirborði. Mokið eða skrapið upp, eða notið ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Forðist ofhitun. Notið persónuhlífar. Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað.

Geymið fjarri háu hitastigi, beinu sólarljósi og ósamrýmanlegum efnum.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskól og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr PVC eða nítrilgúmmíi. (EN374).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgæfnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggisskófátnaðar. (EN20345).

Öndunarfæri

Almennt er ekki þörf á notkun öndunarhlífa.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

| | |
|----------------------|-----------------------|
| Eðlisástand: | Fast efni, feiti |
| Lykt: | Oliukennd |
| Litur: | Ljós |
| Blossamark: | >200°C |
| Tendrunarmark: | 250°C |
| Eðlismassi við 20°C: | 0,9 g/cm ³ |
| Leysanleiki í vatni: | Óleysanlegt |

9.2 Aðrar upplýsingar:

| | |
|---------------|--------|
| Rennslismark: | >190°C |
|---------------|--------|

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Forðist upphitun yfir niðurbrotshitastig eða blossamark. Forðist eld- og neistagjafa. og ósamrýmanleg efni.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð og eitruðar gufur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Hátt hitastig eða núningur geta myndað gufu eða úða sem geta ert augu, nef, kok og lungu.

Inntaka mikils magns getur valdið meltingartruflunum, ertingu, ógleði eða niðurgangi.

**Húðæting/erting
Næming**

Langvinn snerting getur affitað húð, og valdið þurrki, sprungumyndun og óþægindum. Varan inniheldur lítið magn næmandi efnis, sem getur valdið ofnæmisviðbrögðum hjá viðkvæmum einstaklingum.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Varan er ekki flokkuð sem skaðleg umhverfinu.

12.2 Þrávirkni og niðurbrot:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.3 Uppsöfnun í lífverum:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi:

Varan blandast ekki vatni og flýtur á vatnsyfirborði.

12.5 PBT/vPvB:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.6 Annað:

Engin önnur skaðleg virsteiturhrif eru þekkt samfara notkun vörunnar.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best. Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 16 03 06 (lífrænn úrgangur annar en tilgreindur er í 16 03 05)

Óhreinir umbúðir

Óhreinir umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Gatið ekki eða skerið í tæmdar umbúðir.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IMDG:

Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IATA:

Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Sjá lið 2, varðandi flokkun og merkingu. Reglugerð EB Nr. 1907/2006, Viðauki XVII. Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

Engar.

Útgáfa/Dags:

1/24.05.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

NTN-SNR ROULEMENTS

SAFETY DATA SHEET

LUB HEAVY DUTY

Útgáfa:

23.07.2015 Útgáfa 2.2